

# Hestatrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli E-24

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini. Upplýsingaskjalið tekur mið af tryggingunni Hestatrygging. Valkvæðar tryggingar sem váttryggður velur koma fram á váttryggingayfirliti.

## HVERNIG TRYGGING ER HESTATRYGGING?

Hestatrygging er víðtæk trygging sem hentar hestaeigendum, hvort sem þeir eiga reiðhesta eða hesta til ræktunar og undaneldis. Tryggingin samanstendur af líf- og heilsutryggingu, sjúkrakostnaðartryggingu og frjálsri ábyrgðartryggingu.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

#### LÍFTRYGGING HESTA

- ✓ Dauða hests vegna slyss eða sjúkdóms, eða ef nauðsynlega þarf að aflífa hann.
- ✓ Þjófnað eða tap á hesti sem finnst ekki innan 120 daga frá tilkynningu um hvarf.
- ✓ Varanlegan heilsubrest hests og tjón sem rýrir hestinn alveg því notagildi sem tilgreint er í beiðni.

#### SJÚKRAKOSTNAÐUR HESTA

- ✓ Réttmætan, sanngjarnan og ófyrirséðan dýralækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum eða sjúkdómum hests.

#### ÁBYRGÐARTRYGGING HESTA

- ✓ Skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda hests vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

#### LÍFTRYGGING HESTA

- ✗ Geðslagsvandamál og arfgenga eða meðfædda sjúkdóma eða kvilla.
- ✗ Atvik sem koma upp eða voru greind áður en váttrygging tók gildi eða sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku tryggingar.
- ✗ Tjón vegna tilskipana yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- ✗ Tjón vegna verðfalls hests, þótt um sé að ræða afleiðingar af slysi eða sjúkdómum.
- ✗ Ófrjósemi, nema að kynbótahross til undaneldis sé váttryggt.
- ✗ Aldurstengda sjúkdóma.
- ✗ Spatt.
- ✗ Tjón vegna keppni, nema að keppnishestur sé váttryggður.

#### SJÚKRAKOSTNAÐUR HESTA

- ✗ Atvik sem komið hafa upp áður en váttrygging tók gildi eða sjúkdóma sem upp koma innan 14 daga frá gildistöku tryggingar.
- ✗ Kostnað vegna geðlagsvandamála eða arfgengra og/eða meðfæddra kvilla.
- ✗ Kostnað vegna rannsókna eða meðferða í forvarnarskyni, eða afbrigðilegs vaxtar og afleiddra sjúkdóma.
- ✗ Kostnað vegna geldingar, ófrjósemisaðgerðar eða fæðingar afkvæma.
- ✗ Kostnað vegna járningar og umhirðu hófa, tannhirðu eða ormahreinsunar.
- ✗ Kostnað vegna fóðurs, fæðubótaefna eða hreinlætisvara.
- ✗ Kostnað vegna hjálpartækja eða heilsuvara.
- ✗ Kostnað vegna vottorða og lyfseðla nema félagið óski þeirra.
- ✗ Aukaálag á lægniskostnað vegna vitjunar utan vinnutíma nema að brýna nauðsyn hafi borið til.

### ÁBYRGÐARTRYGGING HESTA

- ✗ Tjón sem fjölskylda eða skyldmenni á heimili váttryggingartaka verður fyrir.
- ✗ Tjón sem fjölskylda þess sem hefur hestinn í hvers kyns vörslum verður fyrir.
- ✗ Tjón á munum sem framangreindir aðilar hafa að láni, til leigu, til geymslu eða í vörslu sinni.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að ekki er fylgt lögum og reglum um lausagöngu dýra eða merkinga þeirra.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



## ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði dýraverndunarlaganna á hverjum tíma auk reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga.
- Hesturinn skal bólusettur fyrir sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Lyf skulu notuð reglulega til að eyða lús. Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eða oftari eftir ráðleggingum dýralækna.
- Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, tálgun og hreinsun hófa auk eðlilegra járninga reiðhesta.
- Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Kappkosta skal að halda hestinum innan fyrirhugaðra og löglegra svæða með reglulegu eftirliti og viðhaldi girðinga.



## HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Vátryggingin tekur aðeins til hesta á Íslandi.



## HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Sé tiltekin ákveðin notkun á hinu vátryggða og notkun breytist, ber að tilkynna félaginu það strax.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



## HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkort.



## HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



## HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.